

Pau mæla af söknuð sárum:  
„Við sendum kveðju í tárum  
og þakkir, elsku amma míni!“

Pig tengdabörnin trega  
og traust þitt allavega  
þau þakka þúsundfalt.  
Þín björtu bros þeim skína,  
þau blesa minning þína,  
því þeirra lán var líf þitt allt.

Hvíl blítt í blundi værum!  
Á beð hjá ástvin kærum  
er fenginn friðurinn.  
Pig móðurmoldin hvíli!  
og mjúklega þér skýli  
fjallaskjól við fjörðinni þinn!

Si.

— — — — —  
— — — — —  
— — — — —  
— — — — —  
— — — — —

— — — — —  
— — — — —  
— — — — —  
— — — — —  
— — — — —

— — — — —  
— — — — —  
— — — — —  
— — — — —  
— — — — —



## Sigríður Pálsdóttir.

Fædd 5. nóvember 1856.

Dán 14. október 1932.

— — — — —  
— — — — —  
— — — — —  
— — — — —  
— — — — —

J. H.

Lag: Ó, blessuð stund.

Pótt morgan lífsins skarti skær og fagur  
og skíni um hádag sólin björt og hrein,  
að kveldi líður allra æfidagur  
og á þeim lögum breyting fæst ei nein.

En þeir, sem hafa unnið allan daginn,  
með alúð rækt sín mörg og erfið störf,  
þeir kvíða ei því, er sólin sezt í æginn,  
þeir sjá og finna að hvíldin er þeim þörf.

Um langan dag þú vannst þín verk með prýði  
og vékst ei syrir neinni lífsins raun.  
Sem þeir, er aldrei hopa í börðu stríði,  
þú heiðurskrans því færð í sigurlaun.

En hinumegin hafssins dauðans breiða,  
er heima skilur líkt og koldimm nót,  
í nýum degi Drottinn mun þig leiða  
til dáðriks starfs með nýrrar æsku þrótt.

Og endurfundavissan mun oss veita  
í veröld styrk að bera missi þinn.  
Hún er oss líkn er lífsins sorgir þreyta  
og ljós er skín frá jörð í himininn.

Pér börn og vinir beztu þakkir færa,  
þín bliða og ástúð var þeim jafnan skjól,  
að meta það þeir munu enn betur læra  
er myrkvast hefir lífs þíns æfisól.

Þú hverfur brott. En lífs á landi björtru  
þér launar Drottinn störfin mörg og góð.  
En barna og vina geyma harmsærð hjörtru  
í heiðri minning þína, hinn dýrsta sjóð.

H. J.

## K v e ð j a.

Lag: Nú fjöll og byggðir blunda.

Hver minning um þig, móðir,  
sem mildir englar góðir  
oss klappa blítt á kinn:  
Við athvarf ennþá eignum,  
sem alltaf treysta megum,  
við blíða móðurbarminn þinn.

Ef freistaing okkur felldi  
og fátækt okkur hrelldi  
vorn huga gaztu hresst.  
Angur og eymd að sefa  
og allt að syrirgefa  
þú kunnir allra kvenna bezt.

Pótt margt þú mættir líða,  
þín móðurlega bliða  
sig breiddi yfir alit.  
Í þýðri návist þinni,  
í þínu húsakynni  
gat engum manni orðið kalt.

Þín fósturbörn þér færa  
úr fjarlægð þakkir, kæra!  
Þú varst þeim skjól og vörn!  
Par mátti ei mismun finna  
móður-atlota þinna —  
allt voru það þín eigin börn.

Hér klökk vjð kistu þína  
nú kveðja ömmu sína  
öll barna-börnin þín.